AUGLÝSING

um samning við Efnahagsbandalag Evrópu um tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti.

Hinn 30. apríl 1990 var Efnahagsbandalagi Evrópu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samningi milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um tölvugagnaskiptikerfi fyrir viðskipti sem undirritaður var í Brussel 15. desember 1989. Samningurinn öðlaðist gildi 1. maí 1990.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 10. maí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um tölvugagnaskiptakerfi fyrir viðskipti

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND, hér á eftir nefnt „Ísland", og

EFNAHAGSBANDALAG EVRÓPU, hér á eftir nefnt „bandalagið",

bæði hér á eftir nefnd „samningsaðilarnir",

ÞAR EÐ Ráð Evrópubandalaganna samþykkti með ákvörðun hinn 5. október 1987 bandalagsáætlun á sviði tölvugagnaskiptakerfis fyrir viðskipti, iðnað og stjórnsýslu, hér á eftir nefnd „TEDIS-áætlunin";

ÞAR EÐ aðildarríki Fríverslunarsamtaka Evrópu, hér á eftir nefnd EFTA, taka ásamt bandalaginu virkan þátt í að útbúa evrópska og alþjóðlega staðla á þessu sviði; þar eð sameiginlegur hagur er af því að koma á samvinnu á sviði eins og CD-verkefninu og fjarskiptum;

ÞAR EÐ þátttaka Íslands í TEDIS-áætlun bandalagsins mun greiða fyrir þessari samvinnu, stuðla að því að sneytt verði hjá myndun nýrra tæknilegra hindrana í viðskiptum milli bandalagsins og aðildarríkja EFTA og stuðla að samræmdri þróun í tölvuvæddri sendingu viðskiptagagna um gervalla Evrópu,

HAFA Í HUGA hina sameiginlegu yfirlýsingu um stofnun evrópska efnahagssvæðisins (EES) sem samþykkt var í Lúxemborg 9. apríl 1984 af ráðherrum aðildarríkja EFTA og ráðherrum aðildarríkja bandalagsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna;

HAFA ORÐIÐ SAMMÁLA UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

1. Ísland tekur hér með þátt í TEDIS-áætluninni samkvæmt skilmálum samnings þessa. Kveðið er á um markmið TEDIS-áætlunarinnar í viðauka A.

2. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, hér á eftir nefnd „framkvæmdastjórnin", ber ábyrgð á framkvæmd þessarar áætlunar.

2. gr.

Fyrirtæki, þar á meðal smá og miðlungsstór fyrirtæki, rannsóknastofnanir og aðrir aðilar á Íslandi, geta boðið í og tekið að sér framkvæmd samninga samkvæmt TEDIS-áætluninni á sömu kjörum og skilmálum og gilda um fyrirtæki, rannsóknastofnanir og aðra aðila sem starfa innan bandalagsins.

3. gr.

Samningaðilar skulu hafa aðgang að niðurstöðum af framkvæmd TEDIS-áætlunarinnar, sérstaklega þeim sem leiðir af samningum sem gerðir hafa verið samkvæmt 2. gr.

4. gr.

1. Fjárframlag Íslands sem leiðir af þátttöku þess í TEDIS-áætluninni skal ákvarðað í hlutfalli við þá fjárhæð sem til ráðstöfunar er ár hvert í almennum fjárlögum bandalagsins sem fjárveiting til að standa undir fjárskuldbindingum framkvæmdastjórnarinnar vegna framkvæmdar áætlunarinnar.

2. Hlutdeild Íslands vegna þátttökunnar skal ákvörðuð sem hlutfall vergrar landsframleiðslu Íslands á markaðsverði af samanlagðri vergri landsframleiðslu aðildarríkja bandalagsins og Íslands á markaðsverði. Hlutfall þetta skal reiknað út miðað við síðustu tölfræðilegar upplýsingar sem fyrir hendi eru frá OECD.

3. Fjárhæðin sem talin er nauðsynleg til þess að framkvæma TEDIS-áætlunina og fjárhæð áætlaðs framlags Íslands er að finna í viðauka B.

4. Ákvæði og reglur varðandi fjárframlag Íslands er að finna í viðauka C.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal veita Íslandi upplýsingar um hvernig verkefnum miði samkvæmt TEDIS-áætluninni.

6. gr.

1. Samningur þessi skal gilda meðan TEDIS-áætlun bandalagsins stendur.

2. Endurskoði bandalagið TEDIS-áætlunina má segja samningnum upp samkvæmt skilmálum sem báðir hafa samþykkt. Tilkynna skal Íslandi hvað felst nákvæmlega í hinni endurskoðuðu áætlun innan viku frá því að bandalagið hefur samþykkt hana. Samningsaðilar skulu gera hvor öðrum viðvart innan þriggja mánaða frá ákvörðun bandalagsins ef fyrirsjáanlegt er að til uppsagnar samningsins komi.

3. Þegar ráðist er í nýja TEDIS-áætlun framlengist samningur þessi sjálfkrafa meðan á áætluninni stendur, nema honum sé sagt upp af öðrum hvorum samningsaðila innan þriggja mánaða frá því að ákveðið var að ráðast í áætlunina. Ákvæði 2. mgr. gilda áfram.

4. Í hvert sinn sem ákvörðun er tekin af bandalaginu um endurnýjun TEDIS-áætlunarinnar skal viðauka A og B breytt til samræmis við ákvörðun bandalagsins, nema samkomulag sé um annað milli samningsaðila.

5. Ekki skal litið svo á að samningur þessi hafi fallið úr gildi af þeirri ástæðu einni að tafir hafi orðið á samþykkt nýrrar TEDIS-áætlunar.

6. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. getur hvor samningsaðili sagt upp samningi þessum hvenær sem er með þriggja mánaða fyrirvara. Verkefnum og vinnu sem stendur yfir við uppsögn eða lok gildistíma þessa samnings skal haldið áfram þar til þeim er lokið samkvæmt skilmálum samningsins.

7. gr.

Viðaukar A, B og C við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans.

8. gr.

Samningur þessi skal samþykktur af samningsaðilum samkvæmt eigin stjórnarfarsháttum þeirra. Hann öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að samningsaðilar hafa tilkynnt hvor öðrum að lokið sé málsmeðferð til þess að svo megi verða.

9. gr.

Samningur þessi skal gerður í tvíriti á íslensku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku og eru allir textarnir jafngildir.

Gjört í Brussel, hinn fimmtánda dag desembermánaðar nítján hundruð áttatíu og níu.

Fyrir ríkisstjórn lýðveldisins Íslands
Einar Benediktsson

Fyrir hönd ráðs Evrópubandalaganna
Jean Vidal
Gianluigi Giola

VIÐAUKI A

Markmið TEDIS-áætlunarinnar fyrir tímabilið 1988-89 er:

1. að samræma innan bandalagsins vinnu sem fram fer í aðildarríkjunum varðandi þróun tölvugagnaskiptakerfa fyrir viðskipti;
2. að glæða vitund um þessi mál meðal hugsanlegra notenda;
3. að gera evrópskum framleiðendum vélbúnaðar og hugbúnaðar ljósa möguleika sem felast í tölvugagnaskiptum;
4. að beina aðstoð til ólíkra atvinnugreina í Evrópu með skipulegum hætti;
5. að taka tillit til sérþarfa tölvugagnaskipta milli aðildarríkjanna og milli aðildarríkjanna og bandalagsins vegna stjórnarstefnu á sviði fjarskipta og staðla, og annast undirbúningsvinnu í þeim tilgangi;
6. að veita aðstoð við uppsetningu miðstöðva til samhæfiprófunar á hugbúnaði og vélbúnaði til nota í tölvugagnaskiptakerfum fyrir viðskipti;
7. að leita lausna á lagalegum vandamálum sem gætu verið þróun tölvugagnaskipta í viðskiptum fjötur um fót og tryggja að þröngar fjarskiptareglur geti ekki hamlað uppbyggingu tölvugagnaskipta fyrir viðskipti;
8. að kanna öryggiskröfur í tölvugagnaskiptakerfum fyrir viðskipti til þess að tryggja leynd boðsendinganna;
9. að kanna sérstök vandamál sem stafa af tungumálafjölda innan bandalagsins og, í því skyni, að kanna möguleika á því að nota niðurstöður sem fengnar eru með eða vænst er af vélþýðingaráætlununum Systran og Eurotra til að stuðla að notkun allra tungnanna;
10. að kanna hversu ráðlegt er að stuðla að þróun hins sérhæfða hugbúnaðar sem nauðsynlegur er tölvugagnaskiptum í viðskiptum;
11. að skrá yfirstandandi eða líkleg sérverkefni á sviði tölvugagnaskipta í viðskiptum og gera samanburðargreiningu á þeim;
12. að benda á sérstakar þarfir sem koma í ljós þegar tölvugagnaskiptakerfum í viðskiptum er komið á og auðveldara væri að leysa með fyrirgreiðslu bandalagsins;
13. að láta fara fram sérstaka athugun á því hvernig aðstoða megi smá og miðlungsstór fyrirtæki til virkrar þátttöku í tölvugagnaskiptum í viðskiptum;
14. að huga að hugsanlegum stuðningi við tilraunaverkefni sem líklega gætu leitt til þess, væri þeim komið smám saman í framkvæmd, að almennar lausnir fyndust á vandamálum sem sameiginlegur áhugi er á að leysa og fyrirfinnast í flestum tölvugagnaskiptakerfum í viðskiptum.

VIÐAUKI B

Fjárhagsáætlun fyrir 1989

Óhjákvæmilegur kostnaður til framkvæmdar TEDIS-áætluninni, að frádregnum ferðakostnaði og launum sérfræðinga vegna skrifstofu EDIFACT-nefndarinnar: 3,84 milljónir ECU.

Áætlað framlag Íslands er 4.608 ECU.

VIÐAUKI C
Reglur varðandi fjármögnun

1. gr.

Í viðauka þessum er að finna ákvæði varðandi framlag Íslands sem um ræðir í 4. gr. samningsins.

2. gr.

1. EFTA-skrifstofan skal sjá um framlag Íslands.

2. Ár hvert á umsömdum tíma af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og EFTA-skrifstofunnar skal framkvæmdastjórnin senda EFTA-skrifstofunni beiðni um framlag er svari til framlags allra EFTA-landanna vegna kostnaðar sem leiðir af samningum þeirra um þátttöku í TEDIS-áætluninni.

3. Framlagið skal tilgreint bæði í ECU og í svissneskum frönkum, en samsetning ECU er skilgreind í ráðsreglugerð (EBE) nr. 3180/78. Andvirði framlagsins í ECU skal ákveðið sama dag og greiðslubeiðni er borin fram.

4. EFTA-skrifstofan skal greiða framkvæmdastjórninni framlag EFTA-landanna vegna árlegs kostnaðar samkvæmt samningum þeirra í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að EFTA-skrifstofan hefur móttekið beiðni um greiðslu. Verði vanefndir á greiðslu framlagsins skal EFTA-skrifstofan greiða vexti sem svara til hæstu forvaxta sem í gildi eru á gjalddaga í aðildarríkjum bandalagsins. Vextir skulu hækka um fjórðung úr prósentu fyrir hvern mánuð sem vanskil standa.

5. Hinum hækkuðu vöxtum skal beitt um allt vanskilatímabilið.

6. Reglur um fjármál sem í gildi eru og beitt verður við hin almennu fjárlög Evrópubandalaganna skulu gilda um ráðstöfun fjárveitinganna.

7. Í lok hvers árs skal efnahagsreikningur gerður fyrir fjárveitingar vegna TEDIS-áætlunarinnar og sendur Íslandi og EFTA-skrifstofunni til upplýsinga.

Nr. 9 20. maí 1990

AUGLÝSING

um breytingu á samningi um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna.

Hinn 9. maí 1990 var Alþjóðaflugmálastofnuninni afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bókunar til að koma í veg fyrir ofbeldisverk í flughöfnum fyrir almenna alþjóðlega flugumferð, til viðbótar við samning frá 23. september 1971 um að koma í veg fyrir ólögmætar aðgerðir gegn öryggi flugsamgangna sem gerð var í Montreal 23. febrúar 1988, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 13/1973 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin var undirrituð fyrir Íslands hönd 23. febrúar 1988. Hún öðlast gildi að því er Ísland varðar 8. júní 1990.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. maí 1990.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.